

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Brautarholt, L166450 og L179531.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi fyrir Brautarholt á Skeiðum. Í breytingunni felst m.a. fjölgun lóða auk þess sem mörk og stærðir lóða breytast innan svæðisins. Einnig er götunafni breytt úr D-gata í Holtstagl.

Samþykkt í sveitarstjórn 25. nóvember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 23. mars 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. apríl 2021